


30. árgangur : 1. tölublað : feb 2014

SIBS BLAÐIÐ



ÖNDUN
OG HEILBRIGÐI



POKIR human

VIÐ STYÐJUM ÞIG!

STOD sérfræðingar í
hjálpartækjum

KYNNTU ÞÉR VEFINN OKKAR - WWW.STOD.IS

| Trönuhrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 2885 | www.stod.is | stod@stod.is



Gunnhildur Heiða Axelsdóttir

Fjölskyldumeðferðarfræðingur

Býð upp á fjölskyldu-para- og einstaklings-
meðferð. Notaðu einnig dáleiddslu í einstaklings-
meðferð fyrir þá sem það vilja en dáleiddsla
reynist vel í ákveðnum tilfellum.

Laugavegi 59
101 Reykjavík
Sími: 578-9800
vinun@vinun.is
www.vinun.is

 **Vinun**
Ráðgjafar- &
þjónustumiðstöð



Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum SÍ, einstaklingum með
þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf
varðandi hjúkrunarvörur.



Hafðu samband
og við sendum
þér TENA
bæklinginn.

Ýmis úrræði og ráðgjöf
vegna þvagleka




Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV Unique 0113



Set ehf röraverksmiðja

Viðtæk þekking, reynsla og geta fyrirtækisins setur það í flokk á meðal helstu röraframleiðenda evrópu.



Set ehf. er gæðavottað fyrirtæki með 35 ára reynslu á sviði lagna.

Forn menningarriki hófu gerð vatnsrenna og lagnastokka fyrir mörgum árþúsundum. Síðar voru þróaðar vatnsbrýr og málmpípur til að veita vatni til ræktunar, þvotta og drykkjar. Egyptar, Grikkir og Rómverjar áttu mikla verkmenningu á þessu sviði, en vatnsbrýr Rómverja eru enn í dag taldar meðal helstu verkfræðiafreka mannkyns.

Lagnagerð er því með elstu iðn- greinum sögunnar og hefur þróast með tímanum.

Með nýjustu tækni og aðferðum hefur röraverksmiðjan Set skapað sér sérstöðu á heimsvísu með fjölbreytileika í framleiðslu, ásamt því að vera mikilvægur þátttakandi í uppbyggingu og nýsköpun í íslensku samfélagi.

Set ehf.
Eyraveggi 41
800 Selfoss

Sími 480 2700
Fax 482 2099

set@set.is



Veljum íslenskt og sköpum með því verðmæti og störf.

Set
Set ehf • Röraverksmiðja

Áskriftin
vinnur
fyrir þig!

EKKI MISSA AF MILLJÓNUM

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á LOTTO.IS



- 5 Alvarleg heilsuvá
- 6 Minni mæði – meiri lífsgæði
- 8 Bakteríur og veirur
- 10 Hvað eru lungun að segja þér?
- 14 Astmi í börnum
- 18 Frjókorn og frjónæmi
- 21 Samtök lungnasjúklinga

Leiðari



Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS

Alvarleg heilsuvá

SÍBS-BLADIÐ

30. árgangur | 1. tölublað | feb. 2014

ISSN 1670-0031

Úgefandi:

SÍBS

Síðumúla 6

108 Reykjavík

Sími: 560-4800

Netfang: sibs@sibs.is

Heimasíða: www.sibs.is

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Löve

gudmundur@sibs.is

Ritstjóri:

Páll Kristinn Pálsson

pallkristinnpalsson@gmail.com

Auglýsingar:

Öflun ehf.

Umbrot og prentun:

Prentmet ehf.

Upplag: 11.000 eintök

Einn af hverjum fimm Íslendingum yfir 40 ára aldri þjáist af einkennum langvinnrar lungnateppu og einn af hverjum tíu hefur talsverð eða alvarleg einkenni. Langvinnir öndunarfærasjúkdómar fara hljótt miðað við hversu miklum heilsufarsskaða þeir valda, en langvinnir lungnateppusjúkdómar eru nú fjórða algengasta dánarorsök Íslendinga.

Myndin skerpist enn þegar skoðaðar eru tölur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um langvinna lungnasjúkdóma. Í stað þess að horfa eingöngu á dánartölur, mælir WHO heilsufarsskaða þjóða sem „glötuð góð æviár“: samtölu ára sem lifað er með örorku og ára sem glatast vegna ótímabærs dauða.

Sé mælikvarða WHO brugðið á langvinna öndunarfærasjúkdóma aðra en lungnakrabbamein, kemur í ljós að þeir standa fyrir um 5% af heilsufarsskaða Íslendinga, hvort heldur sem mælt er í ótímabærum dauða eða árum lifað með örorku. Sjúkdómsbyrðin vegna langvinnra öndunarfærasjúkdóma er þannig álíka mikil og vegna brjóstakrabbameins, blöðruhálskirtilskrabbameins, krabbameins í eggjastokkum og krabbameins í endaparmi – samtals! Þetta eru því sannarlega sjúkdómar sem fara hljótt en valda miklum skaða.

Langvinn lungnateppa stendur fyrir bróðurpartinum af langvinnum öndunarfærasjúkdómum almennt. Sjúkdómurinn einkennist af hindrun á loftflæði um berkjur lungnanna vegna lungnapembu og langvarandi berkjubólgu. Helstu orsakir eru reykingar ásamt mengun (iðnaðarryk, kemísk efni og loftmengun). Þótt tíðni reykinga hafi farið lækkandi eru reykingar enn þriðji stærsti áhættuþáttur heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga,

á eftir slæmu mataræði og ofþyngd. Reykingar eru sem sagt ennþá stærri áhættuþáttur en „góðkunningjarnir“ háþrýstingur og hækkuð blóðfita, svo dæmi sé tekið.

Astmi telst einnig til langvinnra öndunarfærasjúkdóma, og einkennist af endurteknum köstum með mæði, hósta,urgi og þyngslum fyrir brjósti, sem versnar oft í köldu lofti. Ólíkt lungnateppu veldur astmi síður dauða, en stendur þó lungnateppu fyllilega á sporði sem áhrifavaldur örorku samkvæmt tölum WHO.

Lungnateymi Reykjalundar hefur náð góðum árangri í endurhæfingu lungnasjúkdóma. Í grein Hans Jakobs Beck og Guðbjargar Pétursdóttur hér í blaðinu er því vel lýst hvernig sjúklingar með langvinna lungnateppu upplifa einkenni eins og aukna mæði, hósta, uppgang, hvæsanði öndun, þyngsli yfir brjósti, minna úthald, kvíða og depurð – einkenni sem þróast á mörgum árum, læðist gjarnan aftan að sjúklingnum og fjölskyldu hans og endi jafnvel í afneitun. Þannig sé lungnaendurhæfing þverfagleg meðferð sem marki upphaf betri lífnaðarhátta í ævilöngu ferli með það markmið að bæta lífsgæði lungnasjúklinga.

Hægt er að koma í veg fyrir talsverðan heilsufarsskaða með því að grípa inn í sjúkdómsferli lungnateppu á fyrri stigum. Hægt er að mæla fráblástur með einföldum hætti á heilsugæslustöðvum, og æskilegt er að hver einstaklingur þekki fráblástursgildið sitt svo að greina megi snemma ef einhver frávik verða þar á, og ætti öndunarmæling að vera jafnsjálfsögð og mæling á blóðþrýstingi. **SÍBS**



SÍBS



REYKJALUNDUR
endurhæfing



Vífill
Félag einstaklinga
með veiruförðum
öndunartúflunar



Berkjavörn



Asthma- og
öfnæmisfélagið



HjartaHeill



MÚTALUNDUR



SAMTÖK
LUNGNASJÚKLINGA

SÍBS er samband félaga á sviði brjóstholssjúkdóma með á sjöunda þúsund félagsmanna. SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund og öryrkjavinnustaðinn Mútalund.



Guðbjörg Pétursdóttir, hjúkrunar- og teymisstjóri í lungnateymi og Hans Jakob Beck, yfirlæknir lungnateymis á Reykjalundi

Minni mæði – meiri lífsgæði

Tíðni langvinnra lungnateppusjúkdóma hefur vaxið ört á undanförunum árum og er fjórða algengasta dánarorsök nú á tímum. Langvinn lungnateppa er hindrun á loftflæði um berkjur lungna, vegna lungnaþembu og langvarandi berkjubólgu. Talið er að 16.000 til 18.000 Íslendingar 40 ára og eldri hafi langvinna lungnateppu. Reykingar ásamt mengun (iðnaðarryk, kemísk efni og loftmengun) eru algengustu orsakir þessa illvíga sjúkdóms.

Lúmsk einkenni

Sjúklingar með langvinna lungnateppu upplifa einkenni eins og aukna mæði, hósta, uppgang, hvæsandi öndun, þyngsli yfir brjósti og eiga oft á tíðum í erfiðleikum með að halda holdum. Þá lýsa þeir þreytu, minnkuðu úthaldi, kvíða og depurð. Einkennin þróaast á mörgum árum, læðast gjarnan aftan að sjúklingnum og fjölskyldu hans. Afneitunar verður einnig oft vart, en dæmi um þetta er eftirfarandi frásögn: „Það var ekki fyrr en ég var að koma inn í þriðja sinn sama árið á spítala í mæðiskasti og fékk þá stera og sýklalyf vegna lungnasýkingar að ég játaði fyrir mér alvarleika málsins.“

Hætta er á að heilsa sjúklings og einkenni versni, ekki síst vegna endurtekinna öndunarfærasýkinga. Þegar sjúkdómsgreiningin er komin og sjúklingurinn viðurkennir hana þýðir það einfaldlega að hann þarf að búa við sjúkdóminn, en hægt er að halda einkennum í skefjum með rétttri meðferð, minnka einkenni, ná stjórn á mæðinni, virkja félagslegan stuðning, breyta hugsanaferli og lausn vandamála sem getur leitt til betri aðlögunar að sjúkdómi.

Blástursprófið

Langvinn lungnateppa er flokkuð eftir niðurstöðu blástursprófs í fjóra flokka á grunni sekúndu-fráblásturs, (FEV1). Prósentugildið vísar til hlutfalls af eðlilegu gildi, þar sem 100% er meðaltalið hjá heilbrigðum einstaklingi.

Stigun1: FEV1 er meira en 80%. Vægur sjúkdómur og sjúklingi versnar sjaldnar eða einu sinni á ári.

Stigun 2: FEV1 er 50–80%. Meðalslæmur sjúkdómur og líkur á að sjúklingi versni sjaldnar eða einu sinni á ári.

Stigun 3: FEV1 er 30–50%. Alvarlegur sjúkdómur og líkur á að sjúklingi versni tvisvar eða oftar á ári.

Stigun 4: FEV1 er minna en 30%. Mjög alvarlegur sjúkdómur og líkur á að sjúklingi versni tvisvar eða oftar á ári.

Meðferð allt lífið

Langvinn lungnateppa hefur áhrif á allt líf einstaklingsins, þó er mismunandi hvernig hver og einn upplifir veikindin og getur það farið eftir persónuleika, gildum, ábyrgð, stuðningsneti og fleiri þáttum.

Í viðtölum við sjúklinga kemur fram að þeir eru með ákveðnar hugmyndir um ástand sitt, eins og eftirfarandi dæmi lýsir: „Ég horfi á ástand mitt í dag sem sjálfskaparviti og ég skammast mín voðalega þar sem ég get sjálfum mér um kennt að hafa verið fastur í tóbaksfíkninni alltof lengi.“

Annar sagði: „Ég var aldrei með maska þegar ég vann á smíðaverkstæðinu og svo reykti ég líka sem ekki bætti ástandið, en ég veit líka ef ég passa mig að anda ekki að mér menguðu lofti og held reykleysið, tek lyfin mín, hreyfi mig og borða almennilega get ég lifað án teljandi vandræða með sjúkdómnum.“

Sjúklingar eru oft sérfræðingar í sínum sjúkdómi, en þrátt fyrir það eru þeir ekki ánægðir með sig: „Þótt ég telji mig vera sérfræðing í sjúkdómi mínum og veit hvað ég þarf að gera til að lifa sæmilega með honum, þá er það ekki sama að vita og að framkvæma. Ég er oft dapur og kvíðinn, er bara heima ... og ég reyni að gera

Langvinn lungnateppa er ólæknandi en oft hægt að halda einkennum niðri með rétttri meðferð.



sem minnst en á bara svo erfitt með að vera í hlutverki sjúklings í kringum fjölskylduna mína...

Einstaklingar með LLT og fjölskyldur þeirra þurfa mikinn stuðning til þess að geta tekist á við sjúkdóminn, þekkja einkennin og tekið á vanda hans. Því fyrr í sjúkdómsferlinu sem sá stuðningur er veittur því meiri möguleikar skapast til að hægja á framgangi sjúkdómsins.

Lungnaendurhæfing

Lungnaendurhæfing er þverfagleg meðferð sem markar upphaf betri lífnaðarhátta til frambúðar. Hún er upphaf að ævilöngu ferli, með það markmið að bæta lífsgæði lungnasjúklinga. Fólk er stutt til reykleysis, hollari lífshátta, fær sálfélagslegan stuðning, líkamlega þjálfun og fræðslu til að bæta færni og minnka sjúkdóms-einkenni. Fólk með langvinna lungnateppu losnar ekki við sjúkdóminn, en endurhæfing getur bætt lífsgæðin verulega. **SÍBS**

Einkennin þróast á mörgum árum, læðast gjarnan aftan að sjúkingnum og fjöl-skyldu hans.

Heimildir

- Chapman, K. R., Mannino, D. M., Soriano, J. B., Vermeire, P. A., Buist, A. S., Thun, M. J. o.fl. (2006). Epidemiology and costs of chronic obstructive pulmonary disease. *Eur Respir J*, 27, 188-207.
- Curtin, M. og Lubkin, I. M. (2009). Í Curtin, M. og Larsen, P. D. (ritstj.). *Chronic Illness, Impact and Interventions*. Sudbury: Jones and Bartlett Publishers.
- Papi, A., Luppi, F., Franco, F. og Fabbri, L. M. (2006). Pathophysiology of Exacerbations of Chronic Obstructive Pulmonary Disease. *Proc Am Thorac Soc*, 3(3), 245-251.

Þökkum eftirtöldum veittan stuðning við málstað SÍBS

Reykjavík

A. Margeirsson ehf Flúðaseli 48
 Alex-Endurskoðun ehf Skipholti 15
 Argos ehf. Arkitektastofa Grétars og Stefáns Eyjarslóð 9
 Arkitektastofan OG ehf Pórunnartúni 2
 Arkis arkitektar ehf Katrínartúni 2
 Artdeco snyrtivörur á Íslandi Bildshöfða 18
 Atorka ehf verktakar og vélaleiga Vættaborgum 117
 Atvinnuhús ehf Hverfisgötu 4
 Augað gleraunnaverslun Kringlunni 8-12
 Austri ehf Gilsárstekk 5
 Á.T.V.R. Stuðlahálsi 2
 Áinabær ehf, verslun Siðumúla 32
 Áltak ehf Fossaleyni 8
 Árbæjarapótek ehf Hraunbæ 115
 B. Ingvarsson ehf Bildshöfða 18
 B.Árason, byggingaþjónusta ehf Breiðagerði 21
 Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica Egilsgötu 3
 Barnatannlæknastofan ehf Faxafeni 11
 BASALT arkitektar ehf Austurstræti 12
 Bergsson Mathús Templarasundi 3
 Bifreiðastillingar Nicolai Faxafeni 12
 Bifreiðaverkstæði Svans ehf Eirhófi 11
 Birgisson ehf Ármúla 8
 Bílabarinn Hamarshöfða 8
 Bílasala Guðfinns Stórhöfða 15
 Bílasmiðurinn hf Bildshöfða 16
 Bílaumboðið Askja ehf Krókhálsi 11
 BK fasteignir ehf Baldursgötu 18
 BK kjúklingar Grensásvegi 5

Blaða- og innheimtuþjónustan hf Kriuhólum 4
 Blaðamannafélag Íslands Siðumúla 23
 Blíkksmiðjan Glófaxi hf Ármúla 42
 Blíkksmiðurinn hf Malarhöfða 8
 Borela ehf, ferðaþjónusta Austurbergi 20
 Borgarbilastöðin ehf Pórunnartúni 2
 Borgarblöð ehf Vesturgötu 15
 Borgarþýlsur Skeifunni 5
 Bókaútgáfan Salka ehf Skipholti 50c
 Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf Nethyl 2a
 Bónus Skútuvgi 13
 Brúðakjólaleiga- og sala Katrínar Álfabakka 14a
 BSR ehf Skógarhlíð 18
 BSRB Grettisgötu 89
 Burðarvirki ehf - Vesturland Bláskógum 1
 Búalfurinn Lóuhólum 2-6
 Byggingafélagið Þumall ehf Viðaríma 8
 Cafe Roma Laugavegi 118
 Curvy, tiskuverzlun Nóatúni 17
 Dálía, blómaverslun, Glæsibæ Glæsibæ, Álþheimum 74
 Dansrækt JSB ehf Lágumúla 9
 Drengsson pics ehf - drengsson. is Nethyl 2
 Dynjandi ehf Skeifunni 3h
 Eðalbílar ehf Fosshálsi 9
 Efling stéttarfélag Sættúni 1
 Eignamiðlunin ehf Siðumúla 21
 Eignaumsjá ehf Skeifunni 17
 Emobi Ísland ehf Brautarholti 8
 Emstrur ehf Siðumúla 28
 Endurskoðun og reikningshald ehf Bildshöfða 12

Endurskoðun og reikningsskil hf Stangarhlíð 5
 Essem, auglýsingar & markaðs-ráðgjöf Bankastræti 5
 Extra lagnir ehf Heiðnabergi 9
 Félag bókagerðarmanna Stórhöfða 31
 Félag íslenskra bifreiðaeigenda Skúlagötu 19
 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga Suðurlandsbraut 22
 Félag Sjúkrapjálfa Borgartúni 6
 Fjallamenn-Mountaineers of Iceland Skútuvgi 12e
 Fjárfestingamiðlun Íslands ehf Siðumúla 35
 Fjárhagsþjónustan ehf Strýtuseli 14
 Fjárhald ehf Siðumúla 27
 Fossberg ehf Dugguvogi 6
 Frystikerfi ehf Viðarhöfða 6
 Fuglar ehf Borgartúni 25
 Fönix ehf Hátúni 6a
 Garðmenn ehf Skipasundi 83
 GÁ húsgögn ehf Ármúla 19
 Gámaþjónustan hf Súðarvogi 2
 Geiri ehf, umboðs- og heildverslun Bildshöfða 16
 Gjögur hf Kringlunni 7
 Gleraunnaverslunin Sjón ehf Laugavegi 62
 Glerpró ehf, www.glerpro.is Funahöfða 13
 Gluggahreinsun Bjarna Guðberg ehf Urðarstekk 9
 Góð heilsa - heilsubúð Njálsgötu 1
 Grettir Guesthouse ehf Laugavegi 28a
 GTG endurskoðun ehf Logafold 164
 Guðmundur Arason ehf Skútuvgi 4

Guðmundur Jónasson ehf Borgartúni 34
 Gullsmiðurinn í Mjódd Álfabakka 14b
 Gunnar Eggertsson hf Sundagördum 6
 Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf Gylfatið 3
 Gúmmivinnustofan SP dekk ehf Skipholti 35
 Gyllti kötturinn ehf Austurstræti 8
 H.N. markaðssamskipti ehf Bankastræti 9
 Hagi ehf-Hilti Stórhöfða 37
 Hamborgarabúlla Tómasar Geirsgötu 1
 Hamborgarabúllan Bildshöfða 18
 Handþrónasamband Íslands svf Skólavörðustíg 19
 Hársnyrtistofan Aida Blönduhlíð 35
 Hilmar D. Ólafsson ehf Eldshöfða 14
 Hjá Guðjóni ehf Þverholti 13
 Hótel Frón ehf Laugavegi 22a
 Hótel Leifur Eiríksson ehf Skólavörðustíg 45
 Hótel Óðinsvé Þórsstötu 1
 Hótel Viðey ehf-4th Floor Hotel Snorrabraut 29
 Hreinsun og flutningur ehf Salthömmum 15
 Hugsmiðjan ehf Snorrabraut 56
 Húsafl sf Nethyl 2
 Húsvernd ehf Langagerði 120
 Hverfisgallerí Hverfisgötu 4
 Höfðakaffi ehf Vagnhöfða 11
 Icelandair Cargo ehf Reykjavíkurluguvelli
 Icelandic services Borgartúni 27
 Icelandic Times media ehf Siðumúla 1
 Internet á Íslandi hf Katrínartúni 2

SMITH & NORLAND
 Nóatúni 4 • Sími 520 3000
 www.sminor.is

SPORTER

Póst dreifing

Landsvirkjun



Jón Steinar Jónsson, læknir Heilsugæslunni í Garðabæ

Bakteríur og veirur

Sýkingar í loftvegum einkennast af slímmyndun í nefi, hósta og særindum í hálsi. Þeim getur fylgt hiti, bein- og vöðvaverkir, höfuðverkir og fleiri einkenni. Langalgengasti orsakavaldur eru veirur af ýmsum toga.

Engin lyfjameðferð er til við þeim veirum sem almennt eru orsakavaldur þessara veikinda, og einstaklingar með frískt ónæmiskerfi og án undirliggjandi sjúkdóma eða hrörleika vinna oftast bug á þessum veirusýkingum. Inflúensan er ákveðin tegund veirusýkingar sem gengur í faröldrum yfirleitt um miðjan vetur. Inflúensan einkennist af hita, bein- og vöðvaverkjum, höfuðverk, sárum hósta, kvefi og hálssærindum. Í sumum inflúensufaröldrum er hitatímabilið lengra en í venjulegum veirusýkingum, allt upp í eina viku. Á markaðnum eru lyf við inflúensuveiru sem virðast geta haft viss áhrif á sjúkdómsganginn en eingöngu ef meðferð hefst mjög fljótt eftir að veikindi byrja.


Þó að veirur séu langoftast orsakavaldur þessara sýkinga þarf að hafa í huga að ýmsar öndunarfarabakteríur geta valdið sjúkdómum eins og lungnabólgu, eyrnabólgu og bólgu í nefholum. Einnig geta svokallaðir streptókokkar valdið hálsbólgu. Slík sýking einkennist, a.m.k. hjá fullorðnum, af hálsbólgu án kvefs og hósta. Sýkingar af völdum baktería er mögulegt að meðhöndla með sýklalyfjum en þó ber að hafa í huga að alls ekki er nauðsynlegt eða gagnlegt

að meðhöndla allar sýkingar, til dæmis í miðeyrum eða nefholum.

Minnkað næmi fyrir sýklalyfjum í heiminum er mikið áhyggjuefni. Sýklalyfin voru bylting í lækni-fræðinni og fyrir samfélagið allt og hvílir mikil ábyrgð á læknum í dag og samfélaginu í heild að standa vörð um þessi lyf sérstaklega með því að vinna gegn óþarfri notkun þeirra og óþarfri notkun breiðvirkra

lyfja sem eykur hættuna á ónæmum bakteríustofnum. Þetta á sérstaklega við um sýkingar í loftvegum þar sem mjög mikil sýklalyfjanotkun á sér stað og mikilvægt að nota eingöngu sýklalyf þegar líklegt er að um bakteríusýkingu sé að ræða og að líklegt sé að meðferðin bæti batahorfur.

Prálátir öndunarfarasjúkdómar eins og astmi og langvinn lungnateppa (LLT) eru vangeindir í okkar samfélagi, en áriðandi er að greina þá snemma til að geta beitt viðeigandi meðferð. Sýkingar í loftvegum eru algengasta ástæðan fyrir versnun á þessum sjúkdómum og líklega ein af algengustu ástæðum þess að einstaklingar með ógreindan astma eða LLT leita til læknis. Þá er mikilvægt að hafa í huga áhættuþætti eins og ættarsögu um asma, ofnæmi eða exem, eða eigin sögu um ofnæmi og exem, svo og reykingasögu sem geta verið lykill að rétttri sjúkdómsgreiningu. 



Sýklalyf verka á bakteríur en ekki veirur.

VALITOR



BRAMMER
www.brammer.is



Við hjúkrum þér

Það getur komið sér vel að hafa aðgang að fagfólki utan sjúkrastofnana. Þannig sparar þú biðtíma og fyrirhöfn. Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar í Lyfju Lág múla og Lyfju Smáratorgi veita ýmsa sérhæfða þjónustu:

- Einfaldar sáraskiptingar
- Saumataka
- Sprautun (kl. 10-12 virka daga) í Lág múla
- Ráðgjöf við val á stoðvörum
- Ráðgjöf við val á næringarvörum vegna vannæringar eða sjúkdóma
- Ráðgjöf við val og notkun á sykursýkisvörum
- Aðstoð við stómaþega í Lág múla

Reglulegt eftirlit er mikilvægt, ekki síst fyrir heilsuna og Lyfja er þér ávallt innan handar þegar kemur að því að mæla: Blóðþrýsting, blóðfitu, blóðsykur, blóðrauða (hemóglóbín), súrefnismettun í blóði, beinþéttni og fyrirstöðu í öndun.

Hjúkrunarþjónustan í Lyfju Lág múla er opin frá kl. 8-17 virka daga og laugardaga frá kl. 11-15 frá 1. sept. til 31. maí.

Á Smáratorgi kl. 8-12 mánudaga til fimmtudaga.

Nánari upplýsingar er að finna á www.lyfja.is

SKULSKAVALYFJ 0099 0013

Lyfja
Lág múli
S. 533-2300

Lyfja
Smáratorg
S. 564-5600

Þökkum eftirtöldum veittan stuðning við málstað SÍBS

Reykjavík

Ímynd ehf Eyjarslóð 9
Íris B. Guðnadóttir klíniskur tannsmíðameistari Hátúni 8
Ísfrost ehf Funahöfða 7
Íslensk endurskoðun ehf Bogahlíð 4
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf Stórhöfða 33
Ísmar ehf Síðumúla 28
Ísold ehf Nethyl 3-3a
JP Lögmenn ehf, Katrínartúni 2 Höfðatorgi
K. H. G. Þjónustan ehf Eirhöfða 14
K. Pétursson ehf Kristnibraut 29
Karlína ehf Borgartúni 29
Karton ehf Bildshöfða 14
Kemi ehf-www.kemi.is Tunguhálsi 10
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófasts-dæma Vesturhlíð 8
Kjaran ehf Síðumúla 12-14
Knattspyrnufélagið Víkingur Traðarlandi 1
Kolaportið Tryggvagötu 19
Kristján G. Gíslason ehf Hverfisgötu 6a

Lagastoð lögfræðipjónusta ehf Lág múla 7
Landfestar ehf, fasteignafélag Altheimum 74
Landslag ehf Skólavörðustíg 11
Landsnet hf Gylfaflöt 9
Landssamband lögreglumanna Grettisgötu 89
Landssamtök lífeyrissjóða Sættúni 1
Láshúsið ehf Bildshöfða 16
Leiguval ehf Kleppsmýrarvegi 8
Leiksport, Hólagarði Lóuhólum 2-6
Libra lögmenn ehf Túngötu 5
Lifandi vísindi Klapparstíg 25
Lífstykkiþjónustan ehf Laugavegi 82
Loftstokkahrænsun.is, s: 567 0882 Garðhúsum 6
Lyfjaver ehf Suðurlandsbraut 22
Læknasetrið ehf Þönglabakka 6
Lögmenn Árbæ sif Nethyl 2
Lögmenn Laugavegi 3 ehf Laugavegi 3
Löndun ehf Kjalarvogi 21
Marco Polo Kringlunni 4-12
Markaðsráð kindakjöts Bændahöllinni Hagatorgi 1

Matthías ehf Vesturfold 40
MD vélar ehf Vagnhöfða 12
Mennta- og menningarmálaráðu-neytið Sölvhólgötu 4
Merkismenn ehf Ármúla 36
Mokka-Espresso-Kaffi Skólavörðustíg 3a
MS Armann skipamiðlun ehf Tryggvagötu 17
Myndbandaleigan James Bönd Skipholti 9
Mýrin verslun í Kringlunni og Hafnarbúðum
Nauthóll bistro Nauthólsvegi 106
Netbókhalð.is ehf Kringlunni 4-12
Núðluskálin Skólavörðustíg 8
Nýi tónlistarskólinn Grensásvegi 3
Nýi öðskólinn ehf Klettagöðum 11
Óliuverslun Íslands hf Höfðatúni 2
Opin kerfi ehf Höfðabakka 9
Orkuvirki ehf Tunguhálsi 3
Ormsson Lág múla 8
Orri Hjaltason ehf Hagamel 8
Ó. Johnson & Kaaber ehf Tunguhálsi 1

Ólafur Þorsteinsson ehf Vatnagöðum 4
Ósal ehf Tangarhöfða 4
Pixel ehf Brautarholti 10-14
Pizza Royal ehf Hafnarstræti 18
Pottþétt ehf Bárugötu 2
Pósturinn Stórhöfða 29
Þökkun og flutningar ehf Smiðshöfða 1
Rafbogi ehf Hraunbæ 102b
Rafey ehf Hamrahlíð 33a
Rafgjafinn ehf Bildshöfða 16
Rafha ehf Suðurlandsbraut 16
Raflex ehf Skútuvegi 6
Rafstilling ehf Dugguvogi 23
Rafsvið sf Þorláksgísla 100
Rafthið ehf Grandagarði 16
Rafvel sf Skógarsel 33
Ratsjá ehf Laugavegi 26
Rekstrarfélagið Viðvík ehf Síðumúla 1
Renniverkstæði Jóns Þorgríms-sonar ehf Súðarvogi 18
Reykjavíkur Apótek Seljavegi 2
Reykjavíkurborg Ráðhúsinu



Fjallabyggð





Dóra Lúðvíksdóttir, lungnalæknir

Hvað eru lungun að segja þér?

Að undanförunu hefur fólk í vaxandi mæli gert sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar til að viðhalda góðri heilsu. Útihlaup og hjólréiðar njóta vaxandi vinsælda og fjölmargir synda reglulega. Til þess að góður árangur náist þurfa lungun að starfa eðlilega og mikilvægt er að greina orsakir áreynslubundinna einkenna í öndunarfærum.

Æskilegt er að fara ekki of geyst í byrjun og nýta sér ráðgjöf sérfræðinga í þessum efnum. Það er eðlilegt að við verðum auðveldlega mæðin við fremur litla áreynslu í byrjun en við reglubundna þjálfun eykst smám saman þolið. En hvenær verður mæðin óeðlileg?

Hlutverk lungnanna

Það er hlutverk lungna að koma súrefni inn-öndunarloftsins í blóðrásina og losa koltvíldi úr blóðinu. Þessi loftskipti gerast með flæði á lofttegundum milli blóðs í háræðum og lofti í lungnablöðrunum. Til þess að loftflæðið gangi sem best er yfirborð lungnablaðranna gífurlega stórt, eða samtals um 75 m². Við eðlilegt ástand þurfum við ekki að hugsa sérstaklega um að anda heldur er önduninni stjórnað af öndunarstöðvum í heilanum. Við öndum 15 til 25 sinnum á mínútu, um það bil hálfum lítra af lofti í hvert sinn. Þetta samsvarar um 12.500 lítrum á sólarhring. Öndunin fer fram með aðstoð öndunarvöðvanna, m.a. þindarinnar. Ef truflun verður á starfsemi öndunarfæra eða öndunarvöðva, eða jafnvægi raskast í starfsemi þeirra, truflast öndunarstarfsemin og mæði gerir vart við sig.

Ýmsir sjúkdómar geta valdið áreynslumæði en algengustu orsakir eru lungnasjúkdómar, hjartasjúkdómar, blóðleysi, tauga- og vöðvasjúkdómar en einnig sjúkdómar í barka. Við þessa sjúkdóma bætast einnig offita og ofþyngd sem orsök mæði í vaxandi mæli (1).

Öndunarmæling

Öndunarmæling er helsta aðferðin við greiningu öndunarvandamála, sem og til að fylgja eftir

áhrifum öndunarfæralyfja. Slíkar mælingar hafa verið gerðar allt frá dögum forngríkkja en öndunarmælirinn (spirometer) eins og við þekkjum hann í dag var hins vegar fundinn upp á 19. öld. Menn lærðu snemma að sterk tengsl væru á milli öndunarmælingar, almenns heilsufars og ævilengdar.

Sú mæling sem mest er notuð er svokölluð fráblástursmæling. Með henni mælum við hve mikið og hratt við getum blásið frá okkur, þ.e. bæði hraða og rúmmál. Við mælum einnar sekúndu fráblástur (FEV1), þ.e. hve mikið við getum blásið frá okkur af lofti á einni sekúndu (5).

Öndunarmælingar eru framkvæmdar á flestum heilsugæslustöðvum, á lungnarannsóknarstofu Landspítala í Fossvogi og hjá lungnalæknum í Læknasetrinu í Mjódd.

Áreynsla og astmi

Astmi er algengur bólgusjúkdómur í öndunarfærum (algengi 5-10%) sem oft einkennist af endurteknum köstum með mæði, hósta,urgi og þyngslum fyrir brjósti (2). Einkenni versna oft í köldu lofti, s.s. við sjósund, hlaup og skíða-göngu þar sem þurrkur í slímhúð í berkjum veldur samdrætti í sléttum vöðvum og losun bólgumiðla frá frumum í slímhúð sem auka enn á berkjusamdráttinn.

Oft er fjölskyldusaga um ofnæmi, astma eða exem. Stundum er einnig saga um prálátan hósta í tengslum við öndunarfærasykingar. Í sjaldgæfari tilfellum er nær eingöngu um nætureinkenni að ræða. Einnig er oft saga um barnaastma sem gerir vart við sig að nýju á fullorðinsárum í tengslum við öndunarfærasykingu eða hreyfingu utan húss í köldu lofti, t.d. hlaup eða hjólréiðar.

Þórbergur Þórðarson lýsir vel astmaeinkennum sínum í bernsku: „Ég náði varla andanum, blánaði allur upp í framan og var næstum kafnaður. Þessi andþyngsli komu yfir mig í köstum ... Þau lýstu sér í afskaplegri mæði, þegar ég hljóp dálítið

Menn lærðu snemma að sterk tengsl væru á milli öndunarmælingar, almenns heilsufars og ævilengdar.



Fráblástursmæling er einföld leið til að kanna ástand lungnanna.

langt og líka þegar ég gekk móti brekku. Suðið og sögið voru meiri í köldu veðri en hlýju“ (3).

Langflestir þeirra einstaklinga sem hafa astma fá einkenni við áreynslu en einnig eru dæmi um að einstaklingar hafi astmaeinkenni eingöngu við áreynslu. Dæmigerð einkenni áreynsluastma koma oftast í kjölfar hreyfingar og lýsa sér sem andþyngsli og erfiðleikar við útöndun. Vert er að hafa í huga að astmi er tvöfalt algengari hjá íþróttafólki en öðrum og talsvert vangreindur (2). Mikilvægt er þó að muna að astminn hefur ekki hindrað þessa einstaklinga í að komast í fremstu röð í sínum greinum með rétttri meðferð.

Oft er viss afneitun til staðar, ekki síst á unglingsárum en einnig e.t.v. ótti um að komast ekki í keppnislíðið ef maður hefur astma. Mikilvægt er að meðhöndla astma hjá íþróttafólki svo það nái sem bestum árangri. Strangar reglur gilda um notkun lyfja hjá keppnisíþróttafólki og mikilvægt að skrá niður öll lyf. Í stöku tilfelli getur þurft að sækja um undanþáguleyfi fyrir lyfjanotkun en hefðbundin innöndunarlyf sem notuð eru við astma eru leyfð (4,5).

Langvinn lungnateppa

Langvinn lungnateppa er langvinnur bólgusjúkdómur í lungum sem veldur skerðingu á fráblástursgetu lungnanna. Í byrjun er skerðingin væg og viðkomandi einstaklingur því einkennalaus í hvíld. Helstu einkenni eru áreynslumæði, hósti, slímuppgangur, en einnig þreyta og úthaldsleysi ef sjúkdómurinn er kominn á hærra stig. Sjúkdómurinn kemur oftast fyrir hjá þeim sem eru 40 ára og eldri og reykingar eru sterkur áhættuþáttur.

Samkvæmt faraldsfræðilegri rannsókn hér á landi reyndust 18% einstaklinga 40 ára og eldri hafa væga skerðingu á fráblæstri en 9% reyndust hafa talsverða skerðingu. Tíðni sjúkdómsins hefur einnig farið vaxandi hjá konum og greinast nú fleiri konur árlega með sjúkdóminn en karlar (8,9).

Önnur áreynslubundin einkenni

Áreynslutengd öndunarfæraeinkenni geta einnig komið fram vegna sjúkdóma í barka. Þessi einkenni koma oftast fram við hámarks-áreynslu eða við hraða spretti og einkennast af andnaði, þ.e. erfitt er að draga andann að sér. Orsakir þessa eru fyrst og fremst svokallaður barkaspasmi, sem kemur til af slímhúðarþurrki og bólgu í slímhúð, t.d. vegna bakflæðis. Einnig geta óeðlilegar hreyfingar á raddböndum valdið erfiðleikum við innöndun, t.d. vegna raddbandalömunar eða annarra sjúkdóma í raddböndum. Til að greina sjúkdóma í barka eru nefgöng þrædd með holsjá og skoðað aftur í nefkakið og þar sveigt aftan við mjúka góminn þar til vel sést yfir barkakýlið og raddböndin (7). Bjúgur og roði í aftari hluta barka er mjög sterk vísbending fyrir súru bakflæði.

Samantekt

Algengustu orsakir öndunarfæraeinkenna eru án vafa vegna sýkinga og ganga oftast yfir án sérstakrar meðferðar hjá þeim sem hraustir eru fyrir. Ef einkenni eru hins vegar viðvarandi, eða gera oft vart við sig, er mikilvægt að leita læknis og fá greiningu á vandanum. Mikilvægt í því sambandi er öndunarmælingin en fleiri sérhæfðar rannsóknir má fá á lungnarannsóknarstofu Landspítala í Fossvogi. Æskilegt er að hver einstaklingur þekki fráblástursgildið sitt svo að greina megi snemma ef einhver frávik verða þar á. Öndunarmæling ætti því að vera jafnsjálfsögd og mæling á blóðþrýstingi. Sérstaklega er mælt með öndunarmælingu hjá þeim sem hafa öndunarfæraeinkenni, s.s. hósta, áreynslumæði eða slímuppgang og hjá öllum sem reykja. 

Dæmigerð einkenni áreynsluastma koma oftast í kjölfar hreyfingar og lýsa sér sem andþyngsli og erfiðleikar við útöndun.

Heimildir

1. Shim YM, Burnette A, Lucas S, Herring RC, Weltman J et al. Physical Deconditioning as a Cause of breathlessness among Obese Adolescents with a Diagnosis of Asthma. PLoS ONE 8(4):e61022.doi:10.1371/journal.pone.0061022.
2. Exercise-induced asthma, respiratory and allergic disorders in elite athletes: epidemiology, mechanisms and diagnosis: part I of the report from the Joint Task Force of the European Respiratory Society (ERS) and the European Academy of Allergy and Clinical Immunology (EAACI) in cooperation with GA2LEN. Allergy 2008; 63: 387-403.
3. Þorbergur Þórðarson. Steinarnir tala, 6 kafli, Helgafell 1956.
4. Ludvíksdóttir D, Björnsson RB. Leiðbeiningar um greiningu astma hjá íþróttafólki. Embætti landlæknis 2012. landlæknir.is/utgefing-efni/skjal/item16547 – November 2012
5. Guðmundsson Gunnar. Öndunarfæraeinkenni hjá sundmatti. Læknablaðið 2013;99:83-85.
6. Öndunarmælingar. Landspítali lungnarannsóknarstofa 2009.
7. Christopher KL, Morris MJ. Otolaryngol Clin North Am. 2010 Feb;43(1):43-66, viii. doi: 10.1016/j.otc.2009.12.002. Vocal cord dysfunction, paradoxical vocal fold motion, or laryngomalacia? Our understanding requires an interdisciplinary approach.
8. Langvinn lungnateppa. Landspítali lyflækningavið I, lungnadeild 2007.
9. Benediktsdóttir B, Guðmundsson G, Jörundsdóttir KB, Vollmer W, Gíslason P. Hversu algeng er langvinn lungnateppa, Læknablaðið 2007; 93: 471-77.

Meira kikk að hlaupa en reykja

Trausti Valdimarsson meltingarlæknir er 56 ára. Líkt og svo margir jafnaldrar byrjaði hann að fíkta við reykkingar á unglingsárunum.

„Ég fór þrettán ára í sveit og þar reyktu nánast allir. Ég vissi alveg að þetta væri ekki það hollasta sem maður gerði. Pabbi reykti til dæmis aldrei og var alveg á móti þessu. Maður þorði ekki að reykja fyrir framan hann. En ég átti marga frændur og frænkur sem reyktu, enda þótti það rosalega töff á þessum árum og bara aumingjar sem gátu ekki reykt. Það var líka alls staðar reykt, til dæmis þótti allt í lagi að reykja með smábörn í bílnum, í bíó og strætó og öllum opinberum stofnunum, já meira að segja á læknaþöfnum.“

Ég held ég hafi þó aldrei verið þakkamaður, kannski farið í 10 – 15 sígarettur á dag eftir því hvar ég vann hverju sinni. Þegar ég var fimmtán ára í uppskipun á eyrinni voru reykþásur fastar í vinnusamningnum. Maður fékk að minnsta kosti eina eða tvær rettur á klukkutímann, og það voru filterslausar Camel, það var mest töff.“

Trausti segir viðhorf sitt til reykkinga fyrst verulega breytast þegar hann fór að starfa sem unglæknir á Akureyri á árunum 1984 til '85. „Þá voru það sérstaklega hjarta- og lungnalæknarnir sem komu úr sérnámi frá útlöndum sem mæltu mjög gegn reykkingum. Á þessum tíma var hins vegar enn þá alls staðar reykt, á fundum, í morgunrapporti með hjúkkunum, það voru öskubakkar á öllum borðum, hinir hörðustu reyktu á meðgöngudeildinni. Svo fór ég í sérnám til Svíþjóðar 1986 og þar var þá farið að banna reykkingar á ýmsum stöðum. Það var ansi erfitt, maður var alltaf með löngunina og í hálfgerðu nikótínsveldi yfir daginn, komst kannski út í smök í hádeginu, en svo gat maður reykt eftir vinnu.“

Svo gerðist það að einn vinur minn skellti sér í Gautaborgarhlaupið, sem er hálft maraþon og mjög vinsæll viðburður á vofagnaði í maímánuði þar í borg. Ég hristi fyrst hausinn yfir því hvað hann væri vitlaus, því hann var að drepast úr harðsperrum á eftir og gat varla gengið upp nokkrar tröppur. Árið eftir var ég svo áhorfandi að þessu hlaupi og þátttakandi árið þar á eftir. Þá var ég sem sé byrjaður að stunda hlaup og fann hvað það var gott og gaman og þá fór maður að losna við reyklöngunina. Á þessum tíma var mig líka farið að langa til að hætta alveg að reykja, og las allt sem ég komst yfir sem gat veitt mér meiri hvatningu til þess. Eitt af því sem ég ákvað var að gera eitthvað þar sem ég gæti ekki reykt á meðan, til dæmis að fara í sturtu, það er mjög erfitt að reykja í sturtu. Og svo náttúrulega að fara út að hlaupa og pústa vel úr lungunum, hreinsa „öskubakkann“ eins og það var kallað.“

Gekk þér þá hratt og vel að hætta?

„Nei, eins og flestir þurfti ég nokkrar atrennur að því. Fyrst hætti ég að reykja í undirbúningi fyrir eitthvert hlaupið, svo byrjaði maður aftur þegar það var að baki til að umbuna sér, verðlauna sig. Fá sér rettu yfir einum bjór eða kaffibolla á veröndinni, og svoleiðis. Það urðu síðan tímamót þegar ég flutti til Linköping, sem er bær fyrir sunnan Stokkhólm, og hitti fólk sem var að æfa fyrir maraþon í Stokkhólmi. Ég slóst í hópinn og byrjaði þar með að stíga stærri skref og hugsa um að ná betri tímum í hlaupunum. Ég hætti þá að reykja í lengri tíma en áður, og svo þegar hlaupunum fjölgaði byrjuðu þessi tímabil að ná saman og reyklöngunin tók að dofna.“

Pannig að þú þakkar hlaupunum mikið til fyrir það að þér tókst að hætta að reykja?

„Þau hjálpuðu allavega mikið til í því sambandi og komu í rauninni í staðinn fyrir reykingarnar. Margir sem stunda langhlaup hafa verið haldnir einhverri fíkn, hvort sem það hafa verið reyk-ingar eða áfengi eða eitthvað annað, og hlaupin reynst þeim góður staðgengill fíknarinnar. Hlaupin framkalla vissa vellíðan og stundum er talað um „runners high“ eða „hlaupa-alsælu“ eins og ég hef kallað það. Hana hef ég oft upplifað, sérstaklega þegar maður hleypur utan við malbikið, einhvers staðar úti í náttúrunni, til dæmis í hinu velþekkta Laugavegshlaupi.“

Liggur ekki beint við að læknar, sem eru í dag-legri umgengni við fólk sem beðið hefur skaða af reykingum, hætti sjálfir að reykja?

„Jú, það er mjög gott til að fæla fólk frá reykingum að sjá annað fólk sem er með lungnakrabbamein, langvinna lungnateppu, bronkítis og marga aðra sjúkdóma sem reyk-ingar eiga stóran þátt í að skapa. Listinn yfir þá sjúkdóma, sem eru miklu algengari og verri hjá þeim sem reykja, er nánast óendanlegur. Það eru að minnsta kosti 2000 þekkt efni í tóbaks-reyk sem hafa líka alls konar áhrif á ónæmis-kerfið og flest líffæri.“

Hvað tók þig langan tíma að losna alveg við tóbakslöngunina?

„Það tók nokkur ár að trappa reykingarnar niður og hætta svo alveg. Ég hætti margoft í nokkrar vikur eða mánuði og byrjaði svo aftur, aðallega í samkvæmisreykingum. En svo kom að því að ég missti alveg áhugann á þessu, aðallega vegna hlaupanna. Mér leið einfaldlega miklu betur og fékk meira kikk út úr því að hlaupa en að reykja. Þetta snýst því þannig fyrst og fremst um að það sem kemur í staðinn fyrir reykingarnar sé miklu betra, að maður skynji það og líði þannig. Auðvitað er ég svo mjög þakklátur fyrir þetta núna þegar ég er orðinn 56 ára og hætti að reykja upp úr þrítugu, því hefði ég ekki hætt væri ég líklega kominn með einhverja sjúkdóma eða kvilla vegna reykinganna, svo sem lungnaþembu og jafnvel einhverja kransæðasjúkdóma – eða mjög farinn að nálgast það.“

En almennt viðhorf til reykinga hefur reyndar breyst mjög mikið á undanförunum árum, ekki satt?

„Jú, það er alveg rétt. Maður trúði því varla sjálfur að hægt væri að banna til dæmis reyk-ingar á börum og síðan ánægjulegt að sjá hvað allir eru orðnir ánægðir með þá ráðstöfun, líka margir þeirra sem enn reykja. Ég man bara sjálfur þegar ég reykti og fór í flug til nágranna-landanna, þá var erfitt að lifa af þessa tvo til þrjá klukkutíma án þess að reykja. Og enn er



Komið í mark í Reykjavíkumaraþoni.

Mynd: Eggert Þór Bernharðsson.

verið að tilkynna farþegum við brottför að ekki megi reykja í fluginu, sem er farið að virka dálítið ankannalegt.“

Hvernig hreyfingu stundarðu í dag?

„Ég stunda mikla hreyfingu flesta daga, hjóla, hleyp og syndi. Ég get alveg sleppt þessu í nokkra daga en þá fer mér einfaldlega að líða verr. Það er reyndar mjög langt síðan ég hef sleppt úr mörgum dögum í röð. Ég fer til dæmis flestra minna ferða innanbæjar hjólandi; hjóla oftast til og frá vinnu, sem gerir um hálf tíma á dag. Svo reyni ég að komast í sund eða ræktina og út að hlaupa. Auk þess iðka ég talsvert jóga, sem er mjög gott til að halda sér liðugum og læra að slaka á.“ **SÍBS**



Astmi í börnum

Astmi er sjúkdómur sem einkennist af bólgu í berkjum lungnanna. Bólurnar valda aukinni viðkvæmni í berkjunum, svokallaðri berkjuauðreitni og einnig slímmyndun og vöðvasamdrætti í sléttum vöðvum berkjanna. Þetta leiðir til þrenginga í berkjum sem valda einkennum þar sem útöndunarteppa með andþyngslum, eða hvæsiöndun, og langvarandi hósti eru mest áberandi.

Sagan: Astmi hefur verið þekktur í þúsundir ára og er lýst í ritum gríska læknisins Aretæusar fyrir um það bil 2000 árum. Hins vegar varð astmi ekki að alvarlegu lýðheilsuvandamáli fyrr en á síðari helmingi síðustu aldar. Á áttunda áratugnum jókst dánartíðni vegna astma mikið og bar mest á þessu í Nýja Sjálandi af öllum löndum heimsins. Á sama tíma fjölgaði innlögnum á sjúkrahús mikið, sérstaklega í enskumælandi hluta heimsins (Nýja Sjáland, Ástralíu, Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum).

Tíðni: Stórar vísindarannsóknir, eins og ISAAC rannsóknin sem var gerð á 237 rannsóknarstöðum í 98 löndum til að skoða tíðni astma hjá börnum, hafa sýnt mikinn breytileika á tíðni astma hjá börnum, allt að fimmtánfaldan mun á milli landa. Þess má geta að Ísland var með í ISAAC rannsókninni og voru það barnaofnæmislæknarnir Michael Clausen og Sigurður Kristjánsson sem stóðu fyrir henni hérlandis. Þessar rannsóknir benda til þess að aukning á tíðni astma eigi sér enn stað í löndum með lágar og miðlungs þjóðartekjur, en svo virðist sem tíðni astma hafi hætt að aukast í þeim löndum þar sem tíðnin hefur verið há í marga áratugi, eins og í fyrirnefndum enskumælandi löndum.

Svipgerðir: Astmi er mjög fjölbreyttur sjúkdómur og vilja sumir meina að astmi sé í raun margir sjúkdómar eða sjúkdómsheilkenni. Í börnum er hæsta tíðnin hjá ungbörnum. Þá er stundum talað um barnaastma sem getur þó verið verulega villandi því það gefur til kynna að það sé næsta öruggt að astminn muni eldast af þessum börnum, sem er engan veginn víst. Eins og fyrr sagði fá mörg börn astma mjög ung að aldri, en náttúrulegur gangur astma er afar misjafn á milli barna og hefur því verið reynt að skilgreina ýmis form sjúkdómsins.

Margar rannsóknir benda til þess að um það bil tvö af hverjum þremur ungum börnum sem fá astma losni við sjúkdóminn. Sum þeirra fá þó sjúkdóminn aftur síðar, þá oft á aldrinum 10-15 ára. Alvarlegur astmi og ofnæmishneigð (atopia) eru þeir þættir sem tengjast sterkast viðvarandi astma.

Reynt hefur verið að skilgreina helstu svipgerðir sjúkdómsins hjá börnum:

- Astmi vegna veirusýkinga.
- Áreynsluastmi.
- Ofnæmistengdur astmi.
- Annar langvinnur astmi.

Mjög mikilvægt er að átta sig á því að þótt slíkar flokkanir geti verið gagnlegar hafa þær sínar takmarkanir og það getur verið veruleg skörun á milli hópanna.

Áhrifaþættir: Ýmsir umhverfisþættir, erfðir, aldur og kyn skipta máli. Það er til dæmis ljóst að fjölskyldusaga um astma og ofnæmissjúkdóma skiptir miklu máli. Á hinn bóginn er ljóst að erfðamengi hefur lítið breyst á síðustu 50 árum á meðan tíðni astma hefur aukist mikið.

Astmi er algengasti langvinni lungna-sjúkdómurinn hjá börnum. Á Íslandi er áætlað að um 10% barna hafi greinst með astma.



Rannsóknir benda til þess að um það bil tvö af hverjum þremur ungum börnum sem fá astma losni við sjúkdóminn.

Því má segja að væntanlega hafi breytingar á umhverfispáttum aukið tíðni astma hjá einstaklingum sem hafa fengið í vöggugjöf erfðaeðni sem gerir þá útsettari fyrir að fá sjúkdóminn. Varðandi kyn er astmi mun algengari hjá drengjum en stúlkum fyrir kynþroska en eftir það er astmi algengari hjá stúlkum/konum.

Síðan geta ýmis áreiti valdið versnun á astma, svo sem reykingar (beinar eða óbeinar), rykmengun, veirusýkingar, kuldi, og ofnæmi fyrir frjókornum, dýrum, rykmaurum, myglu og mat. Einnig getur loftmengun í umhverfi og þá sérstaklega mengun frá umferð haft slæm áhrif á astma. Reykingar hafa einnig áhrif varðandi astma sem orsakapáttur og þá bæði á meðgöngu og eftir fæðingu.

